

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttir um aðgerðir vegna endómetríósu.

1. *Hversu margar aðgerðir vegna endómetríósu hafa verið framkvæmdar á Landspítal-
anum frá 1. desember 2022? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum.*

Ár – mánuður	Fjöldi aðgerða
2022	15
Desember	15
2023	108
Janúar	16
Febrúar	14
Mars	20
Apríl	11
Mái	14
Júní	9
Júlí	9
Ágúst	3
September	12
Samtals	123

2. *Hversu margar aðgerðir vegna endómetríósu hafa verið framkvæmdar hjá einkaaðilum
hér á landi frá 1. desember 2022? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum.*

Ár – mánuður	Fjöldi aðgerða
2022	14
Desember	14
2023	146
Janúar	25
Febrúar	22
Mars	22
Apríl	15
Mái	13
Júní	21
Júlí	2
Ágúst	20
September	6
Samtals	160

3. *Hver var meðalkostnaður aðgerða vegna endómetríósu á Landspítalanum á fyrrgreindu tímabili?*

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala er meðalkostnaður aðgerðar án útlaga 1.448.754 kr. og gildir það fyrir stærstan hluta hópsins. Meðalkostnaður aðgerðar þegar allar aðgerðir voru teknar með reiknaðist vera 1.736.966 kr. með útlögum.

Útlagar eru aðgerðir þar sem kostnaður verður óvænt hærri en áætlað var, oftast er það vegna þess að legan á sjúkrahúsinu er lengri en áætlað var. Einnig eru útlagar aðgerðir sem eru flóknari og framkvæmdar af nokkrum skurðlæknum úr ólíkum sérgreinum. Útlagar eru um 11% sjúklingahópsins. Legan lengist oftast vegna verkja eða sérhæfðrar meðferðar.

4. *Hver var meðalkostnaður aðgerða vegna endómetríósu hjá einkaaðilum á fyrrgreindu tímabili?*

Meðalkostnaður aðgerða vegna endómetríósu hjá einkaaðilum er 887.500 kr.

Kostnaður við aðgerðir vegna endómetríósu er mismunandi eftir umfangi aðgerðarinnar. Um 75% aðgerða eru af minna umfangi vegna afmarkaðra íferða en 25% aðgerða fela í sér umfangsmeiri inngrip og aukinn kostnað.